

Hryggjarliðir frá Fálkagötu 24 Reykjavík - minnisblað

Albína Hulda Pálsdóttir



Icelandic
ZooArch

Hryggjarliðir frá Fálkagötu 24 Reykjavík - minnisblað

Albína Hulda Pálsdóttir

Október 2018
Landbúnaðarháskóli Íslands
Icelandic Zooarch

© Albína Hulda Pálsdóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands og Icelandic Zooarch 2018

Hryggjarliðir frá Fálkagötu 24 Reykjavík - minnisblað

Rit LbhÍ nr. 106

Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9979-881-77-3

Mynd á forsíðu: Hryggjarliðirnir frá Fálkagötu 24. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.

Hryggjarliðir frá Fálkagötu 24 Reykjavík – minnisblað

Dagsetning: 10. október 2018

Höfundur:

Albína Hulda Pálsdóttir
Dýrabeinaforneifafraeðingur, MA
Auðlinda- og umhverfiseild
Landbúnaðarháskóla Íslands
Icelandic Zooarch
Tölvupóstfang: albinap@gmail.com

Efni:

Greining á tveimur hryggjarliðum sem fundust undir steiptum grunni húss á Fálkagötu 24 í Reykjavík í maí 2018.

Um fundinn:

Hryggjarliðirnir fundust 1. maí 2018 við framkvæmdir á Fálkagötu 24 í Reykjavík og var skilað til Náttúrufræðistofnunar Íslands 25. maí 2018 af Pálma Skowronski.

Á eyðublaði með beiðni um greiningu stóð:

Hryggjarliðirnir fundust „saman settir“ og heilir, þótt annar sé brotinn núna, undir steiptum grunni á fasteigninni.

Eftir ábendingu varðandi óvenjulega stærð beinanna og aldur fasteignarinnar og venjur þess tíma vaknar sú spurning hvort mögulegt sé að um mannabein sé að ræða.

Minjastofnun Íslands (MÍ) og Þjóðminjasafni Íslands var tilkynnt um fundinn með tölvupósti 8. júní 2018. Ármann Guðmundsson svaraði um hæl fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands og vísaði á MÍ. Þrátt fyrir ítrekun á tölvupóstum barst aldrei svar frá MÍ.

Húsið á Fálkagötu 24 er steinsteipt og var byggt árið 1951 (Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gyldfadóttir, og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, 2008, bls. 78).

Aðferðafræði:

Hryggjarliðirnir voru greindir með samanburðarsafni í dýrabeinaforneifafraeði (Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir, 2016, 2018) sem hýst er við Landbúnaðarháskóla Íslands af Albínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinaforneifafraeðingi 10. október 2018. Hryggjarliðirnir voru einnig ljósmyndaðir.

Niðurstaða:


Útilokað er að um sé að ræða hryggjarliði úr manneskju. Greining leiðir í ljós að um er að ræða hryggjarliði úr meðalstóru landspendýri (e. medum terrestrial mammal), líklegast er að þeir séu úr sauðkind (Mynd 1).

Annar hryggjarliðurinn er nánast heill, um er að ræða lendalið (e. lumbar vertebra) sem kemur úr neðri hluta hryggjarsúlunnar. Hryggjarliðurinn er ekki samvaxinn á endunum en í sauðfé gerist það ekki fyrr en um 4-5 ára aldur (Habermehl, 1975, bls. 121 frá Duerst (1926)). Greinilegt er að hryggjarliðurinn hefur verið sagaður með vélsög.

Hinn hryggjarliðurinn er hálsiður (e. cervical vertebra) en hann er brotinn en hefur einnig greinilega verið sagaður með vélsög. Ekki er líklegt að hryggjarliðirnir tveir hafi verið „fastir saman“ þar sem þeir eru ekki samliggjandi í hryggjarsúlunni.

Miðað við aldur hússins á Fálkagötu 24 og ummerki um vélsögun á hryggjarliðunum er ekki líklegt að hryggjarliðirnir séu eldir en 100 ára. Þar með er ólíklegt að þeir falli í flokk friðaðra fornleifa samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar nr. 80 frá 2012.

Hryggjarliðirnir hafa verið teknir inn í samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafræði og hafa fengið númerið T004.



Mynd 1: Hryggjarliðirnir tveir frá ýmsum sjónarhornum. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir

Heimildaskrá

Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir. (2016). *Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafraeði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Staða árið 2016 og framtíðarhorfur* (nr. 71). Rit Lbhí. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt af <https://rafhladan.is/handle/10802/12517>.

Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. (2008). *Húsakönnun: Grímsstaðaholtið og nágrenni* (nr. 140). Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur. Sótt af http://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/skyrsla_140.pdf.

Habermehl, K.-H. (1975). *Die Altersbestimmung bei Haus- und Labortieren*. Berlin: Paul Parey.

Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir. (2018). *Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafraeði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Ársskýrsla 2017* (Technical report nr. 84). Rit Lbhí. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands. Sótt af http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/rit_lbhi_nr_84.pdf.